

Miðvikudaginn 10. mars 1993.

Nr. 106/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Hickmat Moustapha Baroudi.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1993, sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um, að varnaraðila verði gert að sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærvaldið krefst þess með vísan til b-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur verði lagður á mál hans í Hæstarétti, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní næstkomandi.

Varnaraðili unir úrskurðinum og krefst þess, að hann verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um, að varnaraðili hafi ónáðað fyrrum sambýliskonu sína. Frásagnir af því ónáði voru kynntar héraðsdómara. Þykja ekki efni til að raska mati hans um gæsluvarðhaldskröfu ákærvaldsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkisjóði, eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkisjóði, þar með talin málsvarnarlaun vegna kærumáls þessa til skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurbjörns Magnússonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 1993.

Ár 1993, föstudaginn 5. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í gær var kveðinn upp dómur í máli ákærvaldsins gegn Hickmat Moustapha Baroudi, þar sem hann var sakfelldur fyrir nauðgun og dæmdur í 18 mánaða fangelsi, en kærandi í málinu var fyrrum sambýliskonu hans, X.

Dómþoli lýsti yfir því, er honum var birtur dómurinn, að hann óskaði eftir að áfrýja honum til Hæstaréttar Íslands í því skyni, að hann yrði úr gildi felldur.

Hinn 2. mars sl. kærði X dómþola til lögreglunnar í Reykjavík vegna meints ónæðis og hótana.

Í kjölfar kæru og dómsbirtingar óskaði ríkissaksóknari eftir því, að dómþola yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengi í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00. Til vara krafðist ríkissaksóknari þess, að dómþoli, sem hefur verið í farbanni, sætti því áfram, þar til dómur gengi í máli hans í Hæstarétti Íslands, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00. Ríkissaksóknari byggði kröfu sína á b-, c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærandi, X, kvað ónæðið felast í því, að dómþoli dveldist við heimili hennar, reyndi með öllum hætti að ná tali af henni. Enn fremur ónáðaði hann hana með símhringingum, þar sem hann spyrðist fyrir um hagi hennar. Kærandi kvað sambandi þeirra hafa lokið í október, hún væri nú í öðru sambandi, og dómþoli væri ósáttur við það.

Kærandi kvaðst óttast um hag sinn og barns síns, þar sem hún teldi dómþola til alls líklegan.

Dómþoli, Hickmat Moustapha Baroudi, kærði í máli þessu, viðurkenndi fyrir dómi, að hann hefði nú undanfarið oft dvalist í bifreið sinni í nágrenni við heimili X. Hann hefði enn fremur reynt að hafa samband við hana með því að fara á heimili hennar. Það hefði verið 19. febrúar og 1. mars sl., en þann dag hefði hann farið inn á heimili hennar gegn vilja hennar. Hún hefði hins vegar fallist á að koma með honum út í bíl, en þar hefðu þau rætt saman í góða stund. Hickmat ber, að hann hafi síðast talað við hana 3. mars sl., en það hafi verið að fyrirlagi Ómars Friðbergs. Þá hafi hann lofað að virða óskir hennar, en hún hafi lýst yfir, að hún vildi ekki tala við sig framar. Kærði kvað skýringuna á því, að hann hefði verið að reyna að hitta X, vera þá, að hann hefði viljað, að þau yrðu áfram vinir, hver sem niðurstaða dómsins yrði.

Dómþoli var síðast úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði Héraðs-

dóms Reykjavíkur, upp kveðnum 27. janúar sl. Sá úrskurður var úr gildi felldur með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 3. febrúar sl. Þá var dómþola gert að sæta farbanni, sem rann út við uppkvaðningu héraðsdóms.

Dómþoli er atvinnulaus og hefur til skamms tíma verið heimilislaus, en hefur nú dvalarstað hjá vini sínum í Garðabæ.

Ljóst er, að dómþoli hefur valdið fyrrum sambýliskonu sinni ónæði, en eins og málið er vaxið, þykja eigi efni til, að honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi. Hins vegar er fallist á varakröfu ríkissaksóknara, og skal dómþoli sæta farbanni á grundvelli 110. gr. laga nr. 19/1991, og er honum meinuð för af landinu, uns dómur gengur í máli hans í Hæstarétti Íslands, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu ríkissaksóknara um gæsluvarðhald á hendur Hickmat Moustapha Baroudi er hafnað.

Dómþoli, kærði í máli þessu, Hickmat Moustapha Baroudi, skal sæta farbanni, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní nk. kl. 16.00.